



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2017

ÞÝSK1BB05

Kennari:	Brynja Ingadóttir (brynja@fsu.is)	Sk.st.	BI
-----------------	--	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Viðfangsefni undanfarans eru rifjuð upp og sett í nýtt samhengi. Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun, þar sem fléttað er inn í kennsluna menningu þýskumælandi landa. Orðaforði er aukinn og ný málfræðiatríði þjálfuð. Til að æfa þessi atríði geta eftirfarandi atríði legið til grundvallar í kennslunni:

Stuttar frásagnir um hvað fólk gerir í fríi eða á ferðalögum, að lýsa borg og staðsetningu borga, að vísa til vegar, að sinna erindum í borginni, áhugaverðir staðir, svo og líkaminn, heilsa og lífnaðarhættir.

Áhersla er lögð á að nemendur tjái sig sem mest á þýsku í töluðu og rituðu máli. Einnig er lögð áhersla á að nemendur beri ábyrgð á sínu eigin námi og sýni sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skapandi hugsun.

Undanfari: ÞÝSK1AA05

Pekkingarviðmið: **Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:**

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál og þekkja samskiptavenjur
- grundvallarþáttum málkerfisins
- formgerð og byggingu texta og mismuninum á töluðu og rituðu máli

Leikniviðmið: **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- lesa ýmiss konar texta um kunnugleg efni og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
- bregðast við spurningum um efni sem hann þekkir og beita kurteisisvenjum og hljómfalli við hæfi
- beita þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- skrifa einfaldan texta um efni sem hann þekkir og nota viðeigandi málfar
- fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi sínu

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig um hugðarefni sín og áhugamál
- tjá sig um liðna atburði
- miðla efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á
- tjá skoðanir og tilfinningar
- takast á við kunnuglegar aðstæður í almennum samskiptum og beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum
- lesa texta af hæfilegu þyngdarstigi og tjá skoðun sína

Námsefni:

- **Schritte International 2 (Lektion 8 – 14)**
- **Kommissar Zufall** - hraðlestrarbók (Langenscheidt)
- Orðabækur: www.deis.dict.cc og eða Langenscheidt
- Gagnvirkar æfingar: www.hueber.de/schritte-international/, www.snara.is, www.allgemeinbildung.ch, www.schubert-verlag.de
- Lausblaðamappa A4 og stílabók

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Nemendur vinna ýmiss konar verkefni sem flest eru metin til einkunnar. Eftir hvern kafla verður próf úr málfræði og orðaforða kaflans. Meðaleinkunn kaflaprófa reiknast beint inn í lokaeinkunn, 10 %. Lægstu einkunn er sleppt í meðaltali. Nemandi sem missir af kaflaprófi verður að taka það við fyrsta tækifæri í samráði við kennara.

Námsmat:

<u>Prófseinkunn</u>	80 %:	<u>Annareinkunn</u>	20 %:
Skriflegt próf	50%	Ýmis verkefni	10 %
Munnlegt próf	10%	Ástundun náms	10 %
Hlustun	10%		
Kaflapróf	10 %		

Bókin **Kommissar Zufall** verður umræðuefni á munnlegu prófi.

Til þess að ná tókum á nýjum orðaforða skulu nemendur vinna vandaðar glósur í stílabókina. Öllum verkefnablöðum skulu nemendur safna í möppu af vandvirkni. Sú vinna verður metin í annareinkunn undir liðnum ástundum náms.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi 15. ágúst 2017 Brynja Ingadóttir